

FYLGISKJAL NR. 1024

DAGS 04.05.2005

**SAMANTEKT:**

112. fundur skipulags- og byggingarnefndar (Pétur U. Fenger, Erlendur Fjeldsted, Ólafur Sigurðsson, Sigurður Kristjánsson, Ólafur Guðmundsson, Ásbjörn Þorvaldsson byggingafulltrúi og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur – Tryggvi Jónsson ritaði fundargerð).

2. mál á dagskrá var erindi Steinunnar Marteinsdóttur og Ólafs Sigurðssonar dags. 20.04.2004 varðandi deiliskipulag af lóðum Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla.

Hér er vísun í fund nr. 661 hjá bæjarráði (fylgiskjal 1022).

Ólafur Sigurðsson er sagður hafa vikið af fundi undir þessum dagskrárið.

Upplýst var á fundinum staða skipulagsmála á svæðinu.

Bókað er; „*Erindið er lagt fram og umhverfisnefnd er falið að ljúka skipulagsvinnu alls svæðisins fyrir næsta fund nefndarinnar.*“.

Hér vekur athygli að tveir hagsmunadilar koma óbeint að málinu í öllu ferli þess með setu sinni í skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar, þ.e. þeir Haraldur Sverrisson og Ólafur Sigurðsson.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 112  
Dags. 4. Maí 2004

**112. fundur**  
**skipulags- og byggingarnefndar**  
**var haldinn í fundarsalnum**  
**á 4. hæð að Þverholti 2, þriðjudaginn**  
**04. maí 2004 og hófst hann kl. 7:30.**

(20)

**fundinn sátu:** Pétur U Fenger, Erlendur Fjeldsted, Ólafur Sigurðsson, Sigrún Kristjánsson, Ólafur Guðmundsson, Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

**fundargerð ritaði:** Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

**Dagskrá :**

- 1. mál:** **Deiliskipulag svæðis vestan Höfðahverfis.**  
 Kynntar voru fram komnar athugasemdir frá íbúum úr Hrafnshöfða og Blikahöfða.  
*Nefndin felur umhverfisdeild að vinna að málinu í samræmi við umræður á fundinum.*
- 2. mál:** **Erindi Steinunnar Marteinsdóttur og Ólafs Sigurðssonar (04/50) dags. 20. apríl 2004, varðandi deiliskipulag af lóðum Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla.**  
 Vísun frá 661. fundi bæjarráðs.  
 Ólafur Sigurðsson vék af fundi undir þessum lið.  
 Upplýst var á fundinum um stöðu skipulagsmála á svæðinu.  
*Erindið er lagt fram og umhverfisdeild er falið að ljúka skipulagsvinnu alls svæðisins fyrir næsta fund nefndarinnar*
- 3. mál:** **Ásland 14 - 22.**  
 Erindi frá húseigendum Áslands 20a, Öglu Elísabetu Hendriksdóttur og Sigurði Hafsteinssyni, dags 21. apríl 2004, þar sem farið er fram á fjölgun bílastæða í götunni.  
 Fram kom að bæjarlandið takmarkast af götu og gangstétt auk mjórrar ræmu austan götunnar.  
*Nefndin getur ekki fallist á erindið þar sem gert er ráð fyrir þremur bílastæðum á lóð fyrir einbýlishús og tveimur stæðum fyrir hverja íbúð í parhúsum, þetta er svipað magn bílastæða og í öðrum hverfum bæjarins.*
- 4. mál:** **Hringvegur um Ullarnesbrekku.**  
 Skýrsla Vegagerðarinnar, dags. mars 2004, þar sem fjallað er um klifurrein og undirgögn við Vesturlandsveg á móti Áslandi.  
*Nefndin er jákvæð fyrir niðurstöðu skýrslunnar og telur að framkvæmdir í anda hennar muni bæta umferðaröryggi á Vesturlandsvegi. Samkvæmt skýrslunni er gert ráð fyrir klifurrein, auk undirgangna við Ásland og breyttri tengingu við Ásland. Jafnframt er gert ráð fyrir að hringtorgið við Varmá verði fært til betri vegar. Nefndin felur umhverfisdeild að ganga til viðræðna við Vegagerðina um tímasetningu framkvæmda.*
- 5. mál:** **Hraðastaðir IV.**  
 Erindi frá Magnúsi Jóhannssyni og Benidikt Magnússyni, dags. 26.04.2004, þar sem óskað er eftir heimild til að byggja annað einbýlishús á lóðinni nr.3. Fyrir er á lóðinni

eitt íbúðarhús.

*Nefndin er neikvæð fyrir erindinu enda samræmis það ekki gildandi deiliskipulagi, þar sem aðeins er heimilt að hafa eitt íbúðarhús á lóð.*

**6. mál: Spilda úr landi Geitháls.**

Erindi frá Ólafi Þ. Hersissyni, dags. 19.04.2004, þar sem óskað er eftir því að nefndin endurskoði afstöðu sína frá 109. fundi. Þar sem erindi um endurbyggingu var hafnað.

*Nefndin ítrekar fyrri afstöðu sína enda samræmist það ekki gildandi aðalskipulagi að heimila endurbyggingu á frístundarhúsum utan frístundarsvæða.*

**7. mál: Breyting á deiliskipulagi Blómvangs.**

Erindi frá Sigríði Ágústdóttir, dags. 29.04.2004, þar sem óskað er eftir því að heimild fyrir öðru íbúaðrhúsi á lóðinni.

*Nefndin felur umhverfisdeild frekari skoðun á málinu.*

**8. mál: Deiliskipulag af spildu úr landi golfklúbbsins Bakkakots úr landi Minna Mosfells, landnr. 123727**

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir vélageymslu á landinu.

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt til kynningar í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.*

**9. mál: Frístundarlóð við Krókatjörn úr landi Miðdals, þjskrá nr. 9000-1080.**

Erindi frá Hildigunni Haraldsdóttur, dags. 30.04.2004, þar sem óskað er eftir afstöðu til tillögu að deiliskipulagi.

Frestað.

**10. mál: Breytingar á deiliskipulag frístundarsvæðis, Hamralönd úr landi Miðdals.**

Erindi frá Ormari Þór Guðmundsson, dags. 30. 04.2004, þar sem farið fram á breytingu á stærðum húsa.

Frestað.

**11. mál: 67. og 68. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa.**

Lagt fram.

**12. mál: Önnur mál.**

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09.05.